

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
10. fundur 2018 (85. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 09.11.2018 kl. 14:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðmundur Björnsson formaður skipulagsnefndarinnar boðaði forföll og í fjarveru hans stýrði Steinþór Einarsson fundi. Ragnhildur Skarphéðinsdóttir frá Hornsteinum arkitektum sat fundinn undir lið 1. og 2.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – breyting vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis var auglýst frá 6. september og gefinn var frestur til að gera athugasemdir til 23.10.2018.

Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti skipulagstillöguna óbreytta og felur skipulagsfulltrúa og Stefáni Gunnari Thors hjá VSO Ráðgjöf að afgreiða hana til Skipulagsstofnunar í samræmi við ákvæði skipulagslaga og -reglugerðar þar um.

2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis

Tillaga að deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis var auglýst samhliða auglýsingu á breytingu aðalskipulags sama svæðis, sbr. lið 1. hér að framan. Eftirfarandi aðilar gerðu athugasemdir eða komu með ábendingar eða gerðu grein fyrir að þeir gerðu ekki athugasemdir:

- Mannvirkjastofnun
- Minjastofnun
- Skipulagsstofnun
- Sveitarfélagið Garður og Sandgerði
- Sveitarfélagið Vogar
- Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands

Að auki óskaði Isavia með erindum dags. 20.10.2018 og 30.10.2018 eftir breytingum á framlögðum tillögum.

Lögð var fram og farið var yfir greinargerð Hornsteina arkitekta, dags. 09.11.2018, þar sem fram komu viðbrögð við athugasemdum sem borist hafa.

Eftirfarandi var samþykkt vegna óska Isavia um breytingar á skipulagstillögunni:

- Hæðarkótar fyrir tengibyggingu og austurálmur verði ekki lægri en 66 m: Með vísan í ákvæði þar um í svæðisskipulagi Suðurnesja er erindinu hafnað að sinni og vísað til nánari viðræðna Landhelgisgæslunnar og Isavia.
- Byggingarreitur til vesturs verði rýmkaður um 10 m og byggingarreitur að sunnanverðu verði jafn sunnarlega að vestan og austan: Samþykkt.
- Byrðingsstöðvar verði teknar inn í skipulagið með stækkun byggingarreits í 500 m²: Samþykkt.
- Ósk um gerð 25 m² (5 x 5 m) lóðar í suðaustur horni Gæsavallar 10 vegna tæringavarnakerfis eldsneytislagna: Sjá lið 3. í fundargerðinni.

Skipulagsnefndin samþykkti deiliskipulagstillöguna og greinargerð við framkomnum athugasemdum og fól skipulagsfulltrúa að afgreiða hana til Skipulagsstofnunar í samræmi við ákvæði skipulagslaga og -reglugerðar þar um.

3. Gæsavöllur 10 – tæringavarnakerfi Isavia

Lagt var fram erindi Isavia sbr. lið 2. hér að framan um stofnun lóðar innan lóðarinnar Gæsavöllur 10. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði komið fyrir gámi með tæringavarnakerfi fyrir eldsneytislagnir í jörðu. Þar sem lóðin sem slík er ekki til í skipulagi er því beint til Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðis að veita stöðuleyfi fyrir gáminn til eins árs eða þar til lóðin verður formlega til.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja

Breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja vegna nýs aðalskipulags Keflavíkurflugvallar og vegna breytinga á vatnsvernd í Reykjanesbæ hafa verið auglýstar.

5. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Upplýst var að samgönguráðuneytið hefur sent sveitarfélögunum á svæðinu og Landhelgisgæslunni drög að skipulagsreglum Keflavíkurflugvallar til kynningar. Stefnt er að lögformlegri auglýsingu skipulagsreglnanna í framhaldi ef engar athugasemdir berast.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 14. desember 2018 kl. 10:30 í Flugturninum í Reykjavík.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>